

Hagsýnar húsmæður taka til sinna ráða

Ástand mála

Konur hafa flestar hverjar reynslu af því að reka heimili. Þær vita að óskynsamlegt er að eyða meiru en aflað er og að dag einn kemur að skuldaskilum. Minnki tekjurnar er um þrennt að ræða til að tryggja rekstur heimilisins. Í fyrsta lagi að afla meiri tekna, í öðru lagi að safna skuldum og í þriðja lagi að draga saman seglin.

Rekstur þjóðarbúsins fylgir sömu lögmálum. Það verður að eyða í samræmi við það sem inn kemur. Eins og við vitum hefur íslenskt þjóðfélag verið rekið árum saman eins og um greifadæmi væri að ræða með ótæmandi tekjulindir. Ýtt hefur verið undir alls konar fjárfestingarævintýri sem þjóðin verður að lokum að greiða dýru verði, meðan laununum er haldið niðri. Í undirstöðuatvinnugreinunum landbúnaði og sjávarútvegi hefur verið fjárfest af miklum móð þannig að framleiðslugetan er komin langt fram úr því sem aðstæður leyfa. Í atvinnumálum hefur verið einblínt á álver sem alltaf er rétt að koma og að leysa allan vanda, en tilheyrir í raun atvinnustefnu gærdagsins. Ríkiskerfið hefur vaxið stöðugt og dregur til sín æ meira fé. Til skamms tíma gátum við aukið fiskveiðar til að standa undir öllum herlegheitunum, en nú er sá tími liðinn og þáttaskil að verða í íslensku bjóðlifi.

Aflasamdráttur, skuldir þjóðarbúsins, hallinn á ríkissjóði, skortur á nýsköpun og stefna ríkisstjórnarinnar valda því að við stöndum nú frammi fyrir miklum vanda, sem ekki birtist síst í vaxandi atvinnuleysi, sem reyndar er mun meira en tölur gefa til kynna. Það er óhjákvæmilegt að taka á vandanum, en það er ekki sama hvað er gert eða hvernig það er gert. Við aðstæður eins og þær sem nú ríkja er mikilvægt að setja sér langtínamarkmið og gæta þess að skapa ekki fleiri og erfiðari vandamál en verið er að leysa.

Stefna ríkisstjórnarinnar

Pegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum vorið 1991 urðu ákveðin vatnaskil. Efnahagsstefna stjórnarinnar byggist á þremur grunn hugmyndum. Í fyrsta lagi að markaðurinn eigi alfarið að stýra fór og að draga eigi úr afskiptum ríkisvaldsins af atvinnulífinu. Í öðru lagi að draga úr ríkisrekstri og koma ýmis konar þjónustu yfir til einkaaðila (einkavæðing). Í þriðja lagi að ná niður ríkissjóðshallanum með niðurskurði á ríkisútgjöldum og koma á þjónustugjöldum, þannig að þeir sem nota þjónustuna greiði fyrir hana.

Ríkisstjórnin hefur gengið fram af miklu offorsi. Niðurskurður á ríkisútgjöldum hefur verið handahófskenndur, illa undirbúinn og framkvæmdur án samræðs við starfsfólk. Heilbrigðis- og menntakerfið hafa orðið verst úti. Vaxtarbroddarnir eru skornir af og í stað þess að styðja ungt fólk til náms á atvinnuleysistínum eru steinar lagðir í götu þess. Aðeins er skorið niður en menn telja sig ekki hafa efni á að byggja upp. Barlómur og bölsýni hefur einkennt málflutning ríkisstjórnarinnar svo mjög að um tíma dró úr öllum framkvæmdum og nýsköpun. Viða um land snýr fólk nú bökum saman og leitar allra leiða til atvinnusköpunar. Á meðan situr ríkisstjórnin með hendur í skauti trú stefnu sinni og bíður þess að markaðurinn jafni sveifluna. Einu leiðirnar sem hún bendir á er meiri niðurskurður, en hann getur ekki annað en leitt af sér meiri samdrátt.

Aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar, slæm staða fyrirtækjanna í landinu ekki síst í sjávarútvegi og vaxandi atvinnuleysi valda sífellt meiri áhyggjum. Ljóst má vera að grípa verður til víðtækra aðgerða til að forðast enn meiri samdrátt sem birtast mun í gjaldþrotum og vaxandi erfiðleikum heimilanna í landinu.

Pjóðhagsstofnun spáir því að landsframleiðsla dragist saman um rúm 3% á næsta ári og atvinnuleysi verði 3,5%. Aðrir halda því fram að atvinnuleysi verði mun meira, sérstaklega ef sértækar aðgerðir koma ekki til. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður hallinn á ríkissjóði 6,2 milljarðar króna, kaupmáttur dregst sarnan um 1% og laun hækka um 1%. Þá er því spáð að verðabólga verði um 2% á næsta ári. Mikill samdráttur hefur verið í fjárfestingum og stefnir í 14% samdrátt á þessu ári. Því var lýst yfir í fyrstu umræðu um fjárlögin að ekkert væri að marka þau, þar sem ná þyrfti ríkisútgjöldum niður um tvo milljarða til viðbótar, auk þess sem tekjuhilið frumvarpsins er mjög óviss vegna samdráttarins.

Bent er á tvær leiðir til úrbóta. Annars vegar er svokölluð **gjaldþotaleið**, þ.e. að láta fyrirtæki fara á hausinn og veita þar með öðrum aukið svigrúm á markaðnum. Þessi leið þýddi aukið atvinnuleysi um tíma, mikil tap fyrir margar aðila, ekki síst almenning í landinu og ólíklegt að bankakerfið hreinlega stæðist slíkt, jafnvel ekki þjóðarbúið. Þykir flestum gjaldþotaleiðin mjög óæðgengileg (nema sumum ráðherranna) og ekki koma til greina, enda myndi hún kalla á mikið hrún jafnvel heilla byggðarlaga.

Hin leiðin er svokölluð **kostnaðarleið**, þ.e. að léttu öllum hugsanlegum kostnaði af fyrirtækjunum þannig að þeim takist að vinna sig í gegnum kreppuna. Þessi leið þýðir óhjákvæmilega einhverjar skattahækkanir eða tilfærslur á fjármagni til fyrirtækjanna og niðurskurð í ríkisútgjöldum m.a. til að ná niður vöxtunum. Þessi síðari leið er til umræðu hjá aðilum vinnumarkaðarins í svokallaðri atvinnumálanefnd sem stofnuð var í kjölfar síðustu kjarasamninga ASÍ og VSÍ, en ljóst er að opinberir starfsmenn hafa harðlega gagnrýnt þær hugmyndir sem til umræðu eru og munu bitna á kjörum launafólks ef framkvæmdar verða.